

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar — janúar 2020

Skráð atvinnuleysi var 4,8 % í janúar

Skráð atvinnuleysi í janúar mældist 4,8% og jókst um 0,5 prósentustig frá desember.

Að jafnaði voru 8.808 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í janúar og fjölgaði um 789 frá desember. Alls voru 3.406 fleiri á atvinnuleysissskrá í janúar 2020 en í janúar árið áður.

Alls voru 5.103 karlar að jafnaði atvinnulausir í janúar og 3.705 konur og var atvinnuleysi 5,0% meðal karla og jókst um 0,6 prósentustig og 4,6% meðal kvenna og jókst um 0,4 prósentustig frá desember.

Atvinnuleysi jókst alls staðar mest á Vestfjörðum eða úr 2,6% í desember í 3,2% í janúar. Atvinnuleysi var langmest á Suðurnesjum í janúar eða 9,0% og jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða. Næstmest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 4,8% og 4,4% á Norðurlandi eystra. Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 2,1% og 2,8% á Austurlandi. Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi aukist í febrúar en að aukningin verði minni en í janúar og verði á bilinu 4,8% til 5,0%.

Greiddar voru 2.482 milljónir í atvinnuleysistryggingar í janúar.

Í janúar tóku 965 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 315 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði.

Alls fóru 935 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af fóru 493 í vinnu eða um 53%.


Alls komu inn 120 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf eða 29 störf.

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 120 atvinnuleyfi til útlandinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 46 til nýrra útlandinga á íslenskum vinnumarkaði og 74 leyfi voru framlengd.

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 25 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2020 með samtals 98 starfsmenn. Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 605 í janúar á vegum 18 starfsmannaleiga.

Alls voru 3.836 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar en voru 2.080 í lok janúar 2019.

Skráð atvinnuleysi frá janúar 2018 til janúar 2020




Greining atvinnuleysis

Atvinnuleysi í janúar og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í janúar mældist eins og fyrr segir 4,8% og voru að jafnaði 8.808 einstaklingar á atvinnuleysissskrá í mánuðinum. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 789 á atvinnuleysissskrá frá desember. Alls voru í janúar 3.406 fleiri á atvinnuleysissskrá en í janúar 2019.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi jókst alls staðar mest, á Vestfjörðum úr 2,6% í desember í 3,2% í janúar. Atvinnuleysi var langmest á Suðurnesjum í janúar eða 9,0% og jókst um 0,3 prósentustig milli mánaða. Næstmest var atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu eða 4,8% og 4,4% á Norðurlandi eystra.

Alls voru 5.103 karlar að jafnaði atvinnulausir í janúar og 3.705 konur og var atvinnuleysi 5,0% meðal karla og jókst um 0,6 prósentustig og 4,6% meðal kvenna og jókst um 0,4 prósentustig frá desember.

Alls voru 1.205 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok janúar í ár sem samsvarar um 4,6% skráðu atvinnuleysi. Atvinnulausum ungmönnum hefur fjölgað um 444 frá janúar 2019 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldursbili var 761.

Lengd atvinnuleysis

Alls hafði 1.771 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar en var 1.081 í janúarlok 2019. Hefur þeim því fjölgað um 690 milli ára. Hlutfall langtímaatvinnulausra var 18,4% af öllum á atvinnuleysissskrá í janúar 2020 eða svipað og í janúar 2019.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í janúar 2020 frá janúar 2019. Mesta fjölgunin var á fjölda atvinnulausra í mannvirkjagerð og flutningum. Minnsta fjölgun atvinnulausra var í fræðslustarfsemi og í upplýsingum og fjarskiptum.

Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fjölgaði atvinnulausum mest meðal sérhæfðs iðnverkafólks, iðnaðarmanna svo og meðal skrifstofufólks.

GREIÐSLUSTOFA GREIDDI

2.482 milljónir í janúar

Par af voru:


2.280 milljónir vegna hefðbundinna atvinnuleysisstrygginga.

66 milljónir vegna barnadagpeninga.

136 milljónir vegna tekjutengdra atvinnuleysisstrygginga.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.836 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok janúar eða um 40% allra atvinnulausra. Þessi fjöldi samsvarar um 10,6% atvinnuleysis meðal erlendra ríkisborgara. Þetta er mikil aukning frá því í janúar 2019 þegar hlutfall atvinnulausra erlendra ríkisborgara var um 35% allra atvinnulausra eða sem svaraði til um 5,9% atvinnuleysis.



Flestir erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá komu frá Póllandi eða 2.129, sem er um 55% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma Litháar og Lettar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok janúar 2020



Horfur til næstu mánaða

Gera má ráð fyrir að skráð atvinnuleysi í febrúar aukist og verði á bilinu 4,8% til 5,0%.

Þjónusta við atvinnuleitendur


Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 935 einstaklingar af skrá í janúarmánuði, þar af fóru 493 í vinnu eða um 53%. Þá var 231 (25%) einstaklingur afskráður sem staðfesti ekki atvinnuleit í lok janúar. Gera má ráð fyrir að stór hluti þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra sem eftir standa, t.d. voru 42 einstaklingar afskráðir þar sem þeir fóru í nám, 30 einstaklingar voru afskráðir vegna þess að þeir fluttu úr landi og aðrir 30 voru óvinnufærir.

Ástæða þess að fólk fór af atvinnuleysisrá í janúar 2020



Hlutfallslega afskráðust fleiri karlar en konur í janúar, 56% voru karlar en 44% konur. Um 77% afskráðra eða 718 einstaklingar höfðu verið atvinnulausir í innan við hálfu ári og 14% (131) í 6 til 12 mánuði. Um 9% afskráðra (86) höfðu verið atvinnulausir lengur en eitt ár.

Hlutfallslega voru flestir afskráðra í aldurshópnum 18-29 ára eða 35% og um 31% voru 30-39 ára. Í aldurshópnum 40-49 ára voru 17% afskráðra og eins 17% í aldurshópnum 50 ára eða eldri.

Auglýst störf í vinnumiðlun í janúar

Alls komu inn 120 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Um nokkuð fjölbreytt störf var að ræða en mest stjórnunar-, sérfræði- eða skrifstofustörf eða 29 störf. Þá voru auglýst 23 störf verkafólks í iðnaði, landbúnaði og skyldum greinum og 22 störf fyrir iðnaðarmenn. Flest auglýstra starfa teljast almenn störf eða um 65%. Annað eru átaksverkefni, reynsluráðningar eða störf fyrir fatlaða. Flest starfanna eða 42%, eru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Norðurlandi eystra og 13% á Suðurlandi. Þá eru 16% annars staðar á landinu.

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	29	24%
Þjónustustörf	16	13%
Afgreiðslustörf	10	8%
Iðnaðarmenn	22	18%
Verkafólk í þjónustu	20	17%
Verkafólk í iðnaði, landbúnaði o.fl.	23	19%
Samtals	120	100%

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum


Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Þá stendur atvinnuleitendum sem verið hafa atvinnulausir um lengri tíma til boða að taka þátt í starfsþjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara tímabundið þá af skrá á meðan á úrræðinu stendur.

Í janúar tóku 965 einstaklingar þátt í úrræðum eða starfsþjálfunarverkefnum. Um 315 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrágerð, markmiðasetningu og sjálfsstyrkingu. Þá fóru 334 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið fyrir útlendinga en einnig fóru einhverjir á önnur starfstengd námskeið. Þá voru 123 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 55 einstaklingar voru í atvinnutengdu úrræði eða endurhæfingarárræði.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og

handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í janúar unnu 42 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 96 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir í almennri starfsþjálfun eða í frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja og stofnana.


Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í janúar 2020




Atvinnuleit og flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar voru gefin út 85 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 44 einstaklingar, 17 fóru til Litháen og fimm til Spáanar. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja. Í janúar komu sjö einstaklingar til landsins í atvinnuleit með slík vottorð frá öðrum EES-ríkjum.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki í janúar 2020



Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2020



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í janúar var gefið út 141 U1 vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Tékklands (44), 30 vottorð voru gefin út til Póllands og 13 til bæði Slóvakíu og Spánar. Þau sem eftir standa, eða 41 vottorð, voru gefin út til 11 annarra ríkja.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í janúar, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu sérfræðileyfi eða 45 leyfi. Þá voru gefin út 15 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 25 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 40%. Um 17% vegna þjónustustarfa og 15% vegna verkafólks. Um 28% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Útlendingar

Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í janúar gaf Vinnumálastofnun út 120 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Af útgefnum leyfum voru 46 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði og 74 leyfi voru framlengd.

**ÁBYRGÐASJÓÐUR
LAUNA GREIDDI
173 launamönnum
vangoldin laun vegna gjaldþrota
24 fyrirtækja í janúar**

Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 25 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í janúar 2020 með samtals 98 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 605 í janúar á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 60%, 21% var frá Litháen og 10% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa, eða um 9% starfsmanna, koma frá sjö öðrum ríkjum.

Sjá nánar tölulegar upplýsingar í [excelskjölum](#) og á [mælaborði](#) Vinnumálastofnunar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra